

130. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
5. 1. 2022 kl. 8:30 – 10:00

Fjarfundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

**Mætt:** Þórgunnur Torfadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Bjarni Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Huguín Harpa Reynisdóttir.

**Fjarverandi:** Þorkell Óskar Vignisson

### Erindi frá Vöruhúsinu

Vilhjálmur sagði frá helstu verkefnum sem unnið hefur verið að í Vöruhúsinu, Fab Lab að undanfögnu. Mikið samstarf er við Grunnskóla Hornafjarðar í tengslum við verkefni sem nemendur vinna í Fab Lab. Evrópuverkefni, verkefni um sjálfbæra ræktun og verkefni um vísindaferðapjónustu eru meðal þeirra verkefna sem smiðjan vinnur að og tekur þátt í. Tækjabúnaður smiðjunnar hefur verið uppfærður og bættur síðustu mánuði sem eykur tækifæri notenda til að vinna að enn fjölbreyttari verkefnum. Vilhjálmur talaði einnig um gildi nýsköpunarhópsins, sem hefur spröttið út frá stoð Nýheima, fyrir nýsköpunarverkefni á svæðinu og samstarf milli stofnana.

### Rekstraráætlun 2022

Huguín Harpa fór yfir helstu liði rekstraráætlunar. Áætlunin gerir ráð fyrir að niðurstaðan skili tæpum 8 m.kr. hallarekstri. Stjórn samþykkir rekstraráætlun.

### Starfsáætlun 2022

Huguín Harpa kynnti starfsáætlun sem sýnir framgang verkefna ársins 2021 og helstu verkefni og markmið ársins 2022. Stjórn fjallaði um starfsáætlun og horfur í starfsemi setursins á nýju ári. Áætlunin er metnaðarfull og ljóst að framgangur þeirra verkefna sem þar eru tilgreind veltur að einhverju leyti á fjármögnun og mönnun setursins á árinu. Stjórn er sammála um að halda þeim markmiðum sem sett eru fram og samþykkir starfsáætlun eins og hún er lögð fyrir fundinn.

### Önnur mál

Huguín Harpa greindi frá samskiptum sínum við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna endurnýjunar samnings. Vonast er til að hægt verði að ljúka við endurnýjun samnings nú á fyrri hluta árs.

Umræður sköpuðust um viðburðadagatal, kynningu og miðlun viðburða og verkefna aðildarstofnana. Áfram verður unnið að því að leita hentugra leiða til miðlunar og kynningar.

Fundi slitið klukkan 10:00

*Þórgunnur Torfadóttir*  
*Huguín Harpa Reynisd.*